

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til verkefna í tengslum við verkefnið „Betri Bakkafjörður“

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki úr sjóði verkefnisins *Betri Bakkafjörður fyrir árið 2021*.

Frestur til að sækja um styrki er til kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 19. mars 2021.

Meginmarkmið verkefnisins Betri Bakkafjörður eru eftirfarandi:

- Sterkir samfélagsinnviðir
- Öflugt atvinnulíf
- Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar
- Skapandi mannlíf

Væntanlegar umsóknir þurfa að taka mið af þessum markmiðum.

Á [vef Byggðastofnunar](#) eru nánari reglur um styrkveitingar. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má nálgast á síðunni [Betri Bakkafjörður](#) á vef SSNE (Samtaka sveitarfélaga á norðurlandi eystra).

Athugið að ekki er krafist mótframlags frá umsækjanda. Það styrkir umsókn ef verkefnið laðar fram fjármuni og krafta aðstandenda verkefnisins og samstarfsaðila. Samstarf aðila sem að jafnaði starfa ekki saman styrkir umsóknina.

Umsækjendur er hvattir til að lesa ofangreindar leiðbeiningar og leita sér aðstoðar hjá verkefnisstjóra. Vönduð umsókn sem styður við framtíðarsýn og meginmarkmið verkefnisins er líklegri til árangurs.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Ólafur Áki Ragnarsson verkefnisstjóri í síma 893-6434 eða á netfanginu olafur@ssne.is

Betri Bakkafjörður - Brothættar byggðir